

# Aðalfundur Eldingar

## haldinn á Ísafirði 18. september 2016

### Tillögur til 32. aðalfundar LS

1. Aðalfundur Eldingar vill að staðið verði vörð um línuviltun.
2. Aðalfundur Eldingar leggur áherslu á að hvalveiðar haldi áfram.
3. Aðalfundur Eldingar vill að tekin verði upp markaðsáviltun fyrir báta sem landa á markaði með því að lækka veiðigjaldið.

#### Greinargerð

Hægt verður að koma upp greiðslumiðlun og lækka með því umsýslukostnað. Eðlilegt er að viðskiptavinir markaðanna njóti þess.

4. Aðalfundur Eldingar krefst þess að sérstakt gjald (kr. 50.000) á strandveiðileyfi verði fellt niður.

#### Greinargerð

Óeðlilegt er að minnstu veiðileyfin séu ein látin greiða sérstakt gjald.

5. Byggðakvóti

- 5.1. Almenni byggðakvótinn sem er í umsjón Fiskistofu skal einskorðast við dagróðrabáta á krókaveiðum.

#### Greinargerð:

- Smábátaútgerð (sér í lagi heilsársútgerð) er nær ávallt staðbundin þ.e.a.s. starfsmenn og eigendur útgerðanna eru búsettir í viðkomandi byggðalagi. Það tryggir margföldunarhrif í störfum fyrir byggðalagið og auknar tekjur fyrir sveitarfélagið.

- 5.2. Almennum byggðakvóta til krókaveiða á heimamiðum verði úthlutað til allra sjávarþorpa á Vestfjörðum óháð kvótastöðu fyrirtækja í bænum og atvinnuástandi.

Tekið verður mið af veiðireynslu við úthlutun.

#### Greinargerð:

- Krókaveiðar á heimamiðum byggðanna marka upphaf þorpanna og hafa verið stundaðar óslitið fram á þennan dag. Um er að ræða grunnatvinnuveg byggðanna sem á að vera tryggður fyrir tilfallandi

geðþóttaákvörðunum einstaklinga (sala á aflaheimildum) og tímabundnum og kerfislægum sveiflum í efnahagsmálum (gengissveiflur, skulda- og eignabólur).

- Á öruggum og traustum grunni aukast sömuleiðis möguleikar á uppbyggingu annarra atvinnugreina. Fólk er líklegra til að fjárfesta í nýsköpun og ferðaþjónustu á stöðum þar sem fasteignaverð og þjónusta er ekki ofurseld viðskiptum með kvóta.
- Lífsgæði íbúa batna við að losna undan þeirri ævarandi og ávallt nálægu hættu á að aflaheimildir staðarins verði seldar í burtu.

5.3. Samningur um nýtingu á byggðakvóta verði gerður til lengri tíma en nú er gert, t.d. þriggja eða fimm ára með möguleika á endurnýjun.

Greinargerð:

- Veitir útgerðinni fyrirsjáanleika til framtíðar sem jafnframt gefur fyrirtækjum tækifæri til að skipuleggja reksturinn til lengri tíma og eykur fjárfestingagetu þeirra.
- Nýtingarétturinn getur fylgt bátum við eigendaskipti ef nýr rekstraraðili uppfyllir skilyrði samningsins.

6. Öll veiði- og auðlindagjöld renni til viðkomandi byggðalaga og sveitarfélaga.

Greinargerð:

- Tryggja þarf byggðunum öruggar tekjur óháð breytingum á eignarhaldi aflaheimilda. Byggðirnar þurfa t.d. að fjármagna grunnþjónustu hvað sem viðskiptum með kvóta líður.
- Ef aflaheimildir byggðanna eru ekki nýttar getur bærinn gripið til þess ráðs að leigja þær.

7. Handfæraveiðar á uppsjávarfiski verði gerðar frjálssar

Greinargerð

- Handfæraveiðar skapa alls enga hættu á ofveiði uppsjávarfiska en ofveiði er helsta ástæða fyrir takmörkun á sókn.
- Göngur uppsjávarfiska eru mjög sveiflukenndar og sjálfsagt að byggðirnar njóti þess þegar uppsjávarfiskar ganga á heimamið þeirra.

8. Fyrirkomulagi strandveiða verði breytt þannig að veiðar verði leyfðar fjóra daga í viku yfir fjögurra mánaða tímabil. Tekið verði skýrt fram að aflareynsla á strandveiðum verði aldrei metin til kvóta.

Greinargerð:

- Draga úr áhættu og þeim hvata í kerfinu sem myndast við ólympískar veiðar. Veita útgerðum stöðuleika og getu til að skipuleggja reksturinn til

lengri tíma.

- Með því að taka út hvatann, sem vænt kvótæign miðað við veiðireynslu skapar, er stuðlað að því að jafnvægi myndist í aflabrogðum, sjósókn og rekstri ólíkra fyrirtækja.

9. Elding harmar ákvörðun Hafró og sjávarútvegsráðherra um að auka ekki meira við þorskaflaheimildir fyrir núverandi fiskveiðiár.

Greinargerð:

- Aflabrogð í þorski hafa verið með eindæmum góð á öll veiðafæri undanfarin ár. Það er einróma dómur allra skipstjóra og sjómanna að þorskstofninn þoli mun meira veiðiálag og að óhætt hefði verið að auka þorskkvótann um a.m.k. 30 þúsund tonn.

10. Elding krefst þess að samband AIS kerfisins verði stórbætt úti fyrir Vestfjörðum. Sama má segja um síma- og talstöðvarsamband.

Greinargerð:

- Ef nota á þessi kerfi sem öryggis- eða eftirlitstæki verða þau að virka almennilega. Það vantar búnað í landi til að svo verði.

Tilnefning í grásleppunefnd: Bæring Gunnarsson

Fulltrúar á 32. aðalfund LS:

1. Bæring Gunnarsson
2. Bjarni Pétursson
3. Elías Ketilsson
4. Gunnlaugur Gunnlaugsson
5. Halldór Antonsson
6. Kristján Torfi Einarsson
7. Óskar Karlsson
8. Paul Fawcett
9. Sigfús B Önundarson
10. Sigurður Hjartarson
11. Sveinbjörn Ragnarsson
12. Þórður Sigurvinsson